

Framtíð fyrir alla - Ungt fólk og brottfall í framhaldsskólum

Bjargráð til framtíðar

Nemendur:
Svandís Nína Jónsdóttir
Jakobína Hólmfríður Árnadóttir

Umsjónarmenn:
Gísli Árni Eggertsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir

Sumar 2004



Styrkt af Reykjavíkurborg og
Nýsköpunarsjóði námsmanna

Nýsköpunarverkefni 2004

***Framtíð* fyrir alla: Ungt fólk og brottfall úr framhaldsskólum**

Bjargráð til framtíðar

Höfundar:

**Svandís Nína Jónsdóttir og Jakobína Hólmfríður Árnadóttir
Gísli Árni Eggertsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir**

Unnið fyrir:

**Íþróttta- og tómstundaráð Reykjavíkur,
Félagsþjónustuna í Reykjavík og Rannsóknir og
greiningu, ehf.**

Inngangur

Þessi skýrsla er nokkurs konar sjálfstætt framhald *Utanskólarannsóknarinnar* sem var framkvæmd af *Rannsóknunum og greiningu ehf.* og gefin út á haustmánuðum ársins 2003. Niðurstaða hennar var sú að þrátt fyrir löggjöfina „*framhaldsskóli fyrir alla*” sem fól í sér jafnrétt til náms, þ.e. að allir gætu hafið nám í framhaldsskóla óháð árangri í grunnskóla, er ljóst að það er hópur ungs fólks í samfélaginu sem ekki festir rætur í íslenskum framhaldsskólum. Ennfremur komu fram vísbendingar um það að þessi ungmenni eigi erfitt uppdráttar á vinnumarkaði og dvelji þar af leiðandi mörg hver í einskismannslandi milli tveggja heima: framhaldsskólans og vinnumarkaðar. Utanskólarannsóknin leiddi í ljós að orsakir þessa vanda er margþættur og oft flókinn að eiga við. Ungmennni á aldrinum 16-19 ára sem standa utan framhaldsskólans eru langtum verr stödd félagslega og andlega en jafnaldrar þeirra í framhaldsskóla. Þau eru líklegri til þess að finna til ýmissa þunglyndiseinkenna svo sem einmanaleika og leiða og líklegri til að neyta allra tegunda ólöglegra vímuefna. Jafnframt er það samdóma álit þeirra sérfræðinga sem rætt var við í rannsókninni að stór hluti þessa utanskólafólks hafi átt við námserfiðleika að stríða í æsku sem fylgja þeim inn í lífið að loknum grunnskóla. Hér má sjá yfirlit yfir helstu þætti er einkenna líf og aðstæður ungmenna utan framhaldsskóla:

- Ungmennni utan framhaldsskóla eru líklegri til þess að eiga við námserfiðleika að stríða
- Ungmennni utan framhaldsskóla eru langtum líklegri til þess að hafa fengið einkunnina 5 eða lægri á samræmdum prófum í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku
- Ungmennni utan framhaldsskóla eru líklegri til þess að líða illa líkamlega og andlega
- Ungmennni utan framhaldsskóla eru líklegri til þess að vera í minni tengslum við fjölskylduna
- Ungmennni utan framhaldsskóla eru líklegri til þess að reykja daglega og/eða neyta áfengis- og annarra vímuefna

Hvað námserfiðleika varðar er þýðingarmikið að hafa í huga að oft er erfitt að greina á milli þess hvort um sértæka námsörðugleika ungmenna er að ræða eða hvort rekja megi námserfiðleikana til bágborinna félagslegra aðstæðna. Að sögn sérfræðinga bendir margt til þess að vandamál margra ungmennanna í þessari rannsókn eigi upptök sín utan veggja skólans. Margir búa ekki við þann stuðning og það atlæti sem nauðsynlegt er til þess að njóta velgengni í námi eða starfi en slíkir nemendur flosna auðveldar upp úr skóla en nemendur sem búa við öryggi og festu heima fyrir. Þannig má álykta að vandinn sem um ræðir sé fyrst og fremst samfélagslegur, þ.e.a.s. það er á ábyrgð allra uppeldisaðila í

samfélaginu að glíma við hann og finna lausnir; þ.á.m. foreldra, skóla, tómstunda- og íþróttahreyfinga, *Fræðslumiðstöðvar* og *Menntamálaráðuneytisins*.

Í kjölfar *Utanskólarannsóknarinnar* ákvað *Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur* (ÍTR) og *Félagsþjónustan í Reykjavík* að taka höndum saman með *Rannsókeum og greiningu* til þess að vinna frekar úr niðurstöðunum og jafnframt leita leiða til þess að bregðast við þessum vanda og hjálpa ungu fólki sem tilheyrir þessum utanskólahópi eða á það á hættu að tilheyra honum seinna meir. Sótt var um styrk til þessarar vinnu hjá *Nýsköpunarsjóði íslenskra námsmanna* en hluti fjárframlagsins kemur jafnframt frá ÍTR.

Aðferð

Í skýrslunni er stuðst við 10 viðtöl við sérfræðinga sem tekin voru árið 2003 og notuð í *Utanskólarannsókninni*. Til viðbótar voru tekin 10 viðtöl við 14 sérfræðinga nú vorið 2004. Þessi skýrsla byggir því á vitnisburði 24 sérfræðinga sem sérstaklega voru valdir með tilliti til sérfræðikunnáttu sinnar í uppeldi og námsframvindu ungs fólks. Viðmælendur skiptast í eftirfarandi starfstéttir hjá stofnunum og félögum í Reykjavík:

Tafla 1. Skipting viðmælenda eftir stofnunum og ári sem viðtal er tekið

Stofnun/skóli	2003	2004
Félagsþjónustan		1
Fjölsmiðjan	2	1
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	1	2
Grunnskólar		2
Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur (unglingaráðgjafar í Hinu húsinu og Vesturgarði)	1	1
Íþróttafélög		1
Menntamálaráðuneytið		2
Námsráðgjafar í framhaldsskólum	4	
Ný leið-ráðgjöf		3
Sérkennarar	2	
Vinnumiðlun		1
Höfuðborgarsvæðisins		
Vinnuskóli Reykjavíkur		1
Alls	10	14

Eins og taflan sýnir voru tekin viðtöl við sérfræðinga á ýmsum sviðum samfélagsins, þ.á.m. námsráðgjafa, unglingaráðgjafa og sérfræðinga hinna ýmsu stofnana. Þessi skýrsla notast því við *eigindlegar* aðferðir (viðtöl) fyrst og fremst en byggir lítið á tölulegum upplýsingum. Vitnað verður í ummæli viðmælenda þegar við á en til þess að vernda persónu viðkomandi verður hvorki vísað í nafn né stöðuheiti.

Uppbygging

Þessi skýrslu er skipt í þrjá megin kafla. Í fyrsta hlutanum er gerð grein fyrir þeim félagslegu og fjárhagslegu úrræðum sem þegar eru til staðar innan og utan íslenska kerfisins. Þessi úrræði eru flokkuð eftir því hvort þau falli undir fyrsta, annars eða þriðja stigs úrræði og jafnframt við hvaða aldurshóp þau miða, þ.e.a.s. hvort þau miði við börn fram til 16 ára aldurs, unglinga á aldrinum 16-18 ára eða ungmenni á aldrinum 18-20. Í öðrum hluta skýrslunnar eru settar fram tillögur um úrbætur í þjónustu hins opinbera við ungt fólk sem er í brottfallshættu ásamt því að nýrra leiða er leitað. Hér er að mestu leyti stuðst við viðtöl við sérfræðinga sem rætt var við árin 2003-2004. Í þriðja og síðasta hluta skýrslunnar er rætt um mikilvægi samstarfs stofnana og félaga sem að uppeldi koma sem og samstarf allra fagaðila. Samantekt verður síðan dregin saman í lokin.

Af hverju 16-20 ára?

Líkt og kemur fram hér að ofan bendir niðurstaða *Utanskólarannsóknarinnar* til þess að til sé hópur ungs fólks á aldrinum 16-20 ára sem helst hvorki við í framhaldsskóla né á vinnumarkaði. Þó verður að hafa í huga að þessi vandi ungmennanna hefur tilhneigingu til þess að fylgja unga fólkinu áfram í gegnum lífið; vandinn leysist ekki af sjálfu sér við 20 ára aldursmörkin. Viðtöl við sérfræðinga styðja þetta sjónarmið en staða langtímaatvinnulausra ungmenna er mörgum þeirra mikið hugðarefni. Sérfræðingur hjá *Félagsþjónustunni í Reykjavík* segir :

[É]g held að það sé mjög vert að leiða hugann að þessum hópi [langtíma] atvinnulausra en staða þeirra er mjög slæm. Þetta eru krakkar sem hafa litla menntun á bakinu og eru þunglynd eða í tíðri neyslu og eitthvað slíkt.” Ég tel að þessi hópur sé miklu verr staddur en krakkar sem koma hingað 18 ára og sækja um námsstyrk vegna félagslegra aðstæðna....þau eru miklu betur stödd, það er mjög hættulegt að þau festist inni í þessari fátækragildru og því reynum við að koma þeim í nám til þess að ná þeim út úr þessu ástandi.

Af þessum sökum miðar umræðan í dag oft við 16-24 ára hópin í stað hins hefðbundna 16-20 ára aldurshóps.


Hið opinbera býður upp á ýmsa valkosti er miða að því að hjálpa þessu unga fólki út úr atvinnu- og menntunarleysisvandanum. Að sögn félagsþjónustunnar hefur félagsmálaráðherra og *Alþýðusamband Íslands* t.a.m. fjallað um þetta mál og eru nú uppi vangaveltur um það hvernig hægt sé að finna lausn. Markmið þessara aðgerða miða oftast en ekki að því að koma unga fólkinu aftur í skóla. Menntun, segja sérfræðingar, er

lykillinn að velgengi á vinnumarkaði. Viðhorf íslenskra sérfræðinga og aðgerðir hins opinbera renna einnig stoðum undir þetta. Að sögn viðmælenda í *Utanskólarannsókninni* 2003 er reynt eftir megni að koma brottfallsnemendum aftur í skóla með ýmsum leiðum. Framhaldsskólarnir hafa sumir hverjir tekið upp fjarnám til þess að auðvelda fólki sem á, einhverra hluta vegna, erfitt með daglega skólasetu til þess að stunda nám á framhaldsskólastigi. Verkmenntunarbrotum hefur jafnframt fjölgað á síðastliðnum árum og er aukin tilhneiging til þess að leggja meiri áherslu á slíkt nám en verið hefur.

Á hinn bóginn benda tölur um brottfall úr framhaldsskólum til þess að þessar aðgerðir séu ekki endilega að skila þeim árangri sem vænst er. Tölulegar upplýsingar benda til þess að brottfall í iðngreinum og fjarnámi sé ekki minna en í bóknámi, nema síður sé. *Hagstofa Íslands* hefur um nokkurra ára skeið haldið yfirlit yfir tölur um brottfall* úr íslenskum framhaldsskólum. Hér gefur að líta helstu upplýsingar um brottfall ungs fólks úr framhaldsskólum hvort sem um ræðir brottfall úr bóknámi eða verknámi, dagsskóla eða kvöldsskóla.

Á mynd 1 kemur fram hlutfall brottfallinna eftir aldri.

* Hagstofa Íslands hefur skoðað brottfall nemenda úr framhaldsskólum með því að bera saman upplýsingar um skráða nemendur og skrá um námslok. Hagstofan skilgreinir brottfall nemenda úr skóla þannig að telja nemendur í framhaldsskólum ákveðið skólaár sem skrá sig ekki í skóla ári síðar og hafa ekki útskrifast í millitiðinni. Hér er miðað við nemendur í framhaldsskólum á Íslandi 15. október 2002 sem ekki voru skráðir í nám í framhaldsskólum, sérskólum eða háskólum á Íslandi, með skráðan iðnsamning eða í námi erlendis skv. Lánasjóði íslenskra námsmanna þann 15. október 2003. Þá hefur verið tekið tillit til þess hvort þeir sem ekki koma fram í skólum síðara árið hafi látist. Í hópi brottfalls nema lenda einnig erlendir skiptinemar, sem sjaldnast útskrifast eftir ársdvöl á Íslandi. Þá teljast flestir íslenskir skiptinemar sem fara til útlanda til ársdvalar til brottfallsnema.



Mynd 1. Hlutfall brottfallinna úr framhaldsskólum eftir aldri, árið 2002.

Líkt og myndin sýnir eykst brottfall nemenda með hækkandi aldri eftir 19 ára aldur og nær hámarki þegar við 60 ára aldursmörkin. Ef einungis er miðað við nemendur í dagskólum er brottfall úr námi 15%. Þegar miðað er við önnur kennsluform (fjarnám eða kvöldskóla) er brottfall talsvert meira. Brottfall nemenda sem eru skráðir í fjarnám er 52,9% og úr kvöldskóla og utanskólanámi er það yfir 40% (ekki sýnt á mynd).¹

Brottfall 17 ára ungmenna, sem flest hafa þá lokið einu ári í framhaldsskóla, er um 15%. Í þessum aldurshópi voru 3,218 nemendur árið 2002 og hættu því tæplega 500 nemendur námi á þeim tíma. Brottfall er lítið eitt minna meðal 18 og 19 ára nemenda en vex síðan verulega eftir það með hækkandi aldri.²


Þessi niðurstaða er afar athyglisverð og bendir eindregið á nauðsyn þess að fyrirbyggja brottfall á *unga aldri*. Því eldri sem einstaklingar eru, því meiri líkur eru á því að þeir heltist úr námi.

Þegar brottfall er skoðað eftir námsbrautum (þ.e. bóknám og verknám) kemur í ljós að nemendur eru aðeins líklegri til þess að hætta í verknámi en bóknámi (sjá myndir 2 og 3).


¹ Sama heimild, bls. 2

² Hagtíðindi. 2004. *Skólamál*, 89(45), bls. 3.

Þó ekki sé mikill munur á brottfalli eftir kyni virðast strákar aðeins líklegri* en stelpur til þess að hætta námi hvort sem um ræðir bóknám eða verknám.



Mynd 2. Hlutfall brottfallinna karla eftir tegund náms (bóknám eða verknám) árið 2002.



Mynd 3. Hlutfall brottfallinna kvenna eftir tegund náms (bóknám eða verknám) árið 2002.

Á hinn bóginn er hugsanlegt að brottfallstölur í verknámi séu ofmetnar vegna þess að verknámsnemendur sem eru í starfsnámi skila sér í *Nemendaskrá Hagstofunnar* ef þeir eru

* Hér ber að hafa í huga að marktækni þessa munar hefur ekki verið athugaður.

með skráðan iðnsamning. Aðra nemendur í starfsnámi vantar ef þeir eru ekki jafnframt skráðir í skóla.³ Að sögn sérfræðings í málefnum framhaldsskóla hjá

Menntamálaráðuneytinu er ekki um marga nemendur að ræða sem skila sér ekki til Hagstofunnar ef þeir eru á iðnsamningi. Langflestir löggiltir iðnrekendur skila reglulega upplýsingum um iðnnema til Hagstofunnar.

Í ljósi talna frá *Hagstofu* er hugsanlegt að fjarnám og fjölgun verknámsbrauta sé ekki að skila þeim árangri sem vænst hefur verið. Þó er rétt að taka fram að tiltölulega stutt er síðan fjarnám varð almennur valkostur í íslenska framhaldsskólakerfinu og því er ekki enn ljóst hvernig það muni þróast í framtíðinni.

Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að þessar tölur sýna ef til vill aðeins hálfa myndina. Það er hugsanlegt að kvöldskólar og fjarnám á Íslandi séu með þeim hætti að þangað sækji mestmegnis nemendur sem þegar eru í mikilli brottfallshættu. Hvað sem þessum vangaveltum líður er áriðandi að eðli fjarnáms og kvöldskóla sé skoðað betur með það fyrir augum að auðvelda nemendum námsdvölinu.

Af þessum tölum má draga þá ályktun að það er nauðsynlegt að forvarnastarf gegn brottfalli úr framhaldsnámi á Íslandi leggi áherslu á að halda ungu fólki á framhaldsskólaaldri, þ.e. á aldrinum 16-20 ára, í námi eins lengi og kostur er. Eins og kemur fram á mynd 1 hér að ofan eykst brottfall verulega við tuttugu og tuttugu og eins árs aldurinn sem bendir til þess að það er erfiðara fyrir ungmenni eldri en tvítug að vera í námi. Aðgerðir sem miða að því að *fyrirbyggja* brottfall ættu því að vera í forgangi hjá skólastofnunum.

Fyrsta, annars og þriðja stigs forvarnir

Í forvarnastarfi og heilsueflingu almennt er forvörnum jafnan skipt í þrjú stig: fyrsta, annars og þriðja stigs forvarnir. Á margan hátt fellur brottfall inn í þessa skilgreiningu en brottfallsúmræða miðar jafnan að því að reynt er að skilgreina brottfallshópinn (þ.e. hverjir eru brottfallsnemendur og hverjir ekki) með það fyrir augum að koma í veg fyrir brottfallið eins og aðra áhættuhegðun forvarna. Af þessum sökum hentar þessi stigsskipting úrræða afar vel í brottfallsúmræðu, sérstaklega með tilliti til forvarnaaðgerða.

Fyrsta stigs forvarnir er það sem fólk kallar í almennu tali forvarnir. Þar er reynt að koma í veg fyrir slys eða óæskilega hegðun sem getur leitt til tjóns, þ.e. að hvetja fólk til að

³ Sama heimild, bls. 4

spenna beltin, burstu tennurnar, reykja ekki o.s.frv.⁴ Í samhengi við aðgerðir gegn brottfalli úr framhaldsskólum gætu fyrsta stigs úrræði vísað í *fyrirbyggjandi* aðgerðir sem hafa þann tilgang að minnka líkurnar á því að einstaklingar helst úr lestinni þegar í framhaldsskóla er komið. Sem dæmi um fyrsta stigs úrræði má nefna sérkennslu (bæði í grunn- og framhaldsskóla), námsráðgjöf, aukið námsval í framhaldsskólum og góð tengsl milli grunn- og framhaldsskóla.

Annars stigs forvarnir miða að því að koma auga á einstaklinga í áhættu og meðhöndla þá sérstaklega til þess að hindra að vandamálið aukist að umfangi. Á þessu stigi er jafnvel einhver meðferð veitt til þess að fólk geti snúið í eðlilegt horf. Dæmi um annars stigs forvarnir í heilsugæslu t.d eru blóðþrýstingsmælingar, krabbameinsskoðun og lækniþrýstingur í skólum.⁵ Í þessu samhengi gætu annars stigs brottfallsaðgerðir falið í sér skimunarpróf í skóla eða sambærileg tæki til þess að koma auga á þá sem eiga í nám- og félagslegum vanda sem gæti leitt til brottfalls seinna meir. Þannig væri hægt að grípa inn í aðstæður fyrr og veita þessum hópi sérstakan stuðning og aðstoð (svo sem sérkennslu, starfsnám og/ eða sálfélagslega aðstoð).

Þriðja stigs forvarnir fást við þann hóp sem þegar er kominn í vanda, hefur lent í slysi eða þjáist af sjúkdómi. Þær hafa þann tilgang að reyna að minnka skaðann og gera einstaklinginn hæfari til þess að takast á við lífið.⁶ Í umfjöllun um brottfall væri þetta til dæmis hópur sem væri kominn í það óæskilegt hegðunarmynstur, svo sem neyslu og glæpi, að við það væri ekki ráðið innan skólakerfisins. Þetta gætu líka verið einstaklingar sem eiga við töluverða sálræna og félagslega örðugleika að etja og þurfa mjög einstaklingsmiðaða nálgun til að byggja sig upp og hjálpa við aðtakast á við vandamál sín.

Deilt hefur verið um það hvort einhver munur sé á þriðja stigs forvörnum og meðferðarúrræðum. Í það minnsta eru mörkin þarna á milli óljós. Þó verður að hafa í huga að tilgangurinn með þessari skiptingu er meira til þess að átta sig á þeirri samfellu sem er á milli aðgerða (stiga) en ekki endilega að skilgreina fullkomlega aðgreinanleg stig. Mörkin milli stiganna eru oft óljós, og þá sérstaklega milli annars og þriðja stigs. Því er lesendum bent á að hafa í huga að skiptingin milli úrræða er hvorki svört né hvít heldur einungis viðmið til þess að greina sundur hinar mismunandi aðgerðir forvarnastarfs.

⁴ Edward Sarafino (1998). *Health Psychology: biopsychosocial interactions*. Þriðja útgáfa. New York: Wiley.

⁵ Sama heimild

⁶ Sama heimild

Ef við heimfærum þessa umræðu á brottfall í framhaldsskólum og aðgerðir til þess að sporna gegn því mætti hugsa sér eftirfarandi greiningu:

- 1) Fyrsta stigs forvarnir: Allar aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir brottfall
- 2) Annars stigs forvarnir: Aðgerðir sem miða að því að finna nemendur í brottfallshættu og grípa inn áður en til brottfalls kemur
- 3) Þriðja stigs forvarnir: Aðgerðir og bjargráð handa ungu fólki sem þegar er hætt í framhaldsskóla (eða er í hléi frá námi) og miða að því að koma ungmennunum aftur í nám

Bjargráð

Í þessum kafla skýrslunnar er farið yfir þau úrræði og þá aðstoð sem ungmennum í vanda stendur til boða á vegum hins opinbera.* Í þessari skýrslu eru úrræði skilgeind afar vítt en í henni felst öll aðstoð sem nýtist börnum og unglingum (og fjölskyldum þeirra) til náms og velsældar hvort sem um ræðir fyrirbyggjandi úrræði eða íhlutun.

Tafla 3. Yfirlit yfir helstu úrræði sem ungu fólki í náms- og hegðunarvanda stendur til boða.

Yngri en 16 ára	16-18 ára	18-20 ára
Úrræði í Grunnskólanum: - Sérkennsla/námsver - Sérdeildir - Sérskólar - Námsráðgjafi - Nemendaverndarráð - Samningur við nemendur í áhættuhópi	Úrræði í framhaldsskólum: - Sérdeildir - Almenn deild - Námsráðgjafi	Úrræði í framhaldsskólum: - Sérdeildir - Almenn deild - Námsráðgjafi
Úrræði utan skóla: - Starfstengt nám - Íþróttir- og tómstundir	Úrræði utan framhaldsskóla: - Fjölsmiðjan - Hitt húsið - Total ráðgjöf - Hálendishópurinn - Félagsþjónustan - Fjárhagsaðstoð fyrir fjölskyldu	Úrræði utan framhaldsskóla: - Fjölsmiðjan - Hitt húsið - Total ráðgjöf - Hálendishópurinn - Félagsþjónustan - Fjárhagsaðstoð - Námsaðstoð
Sértæk ráðgjafar- og/eða meðferðarúrræði: - Ný leið - Meðferðastofnanir	Sértæk ráðgjafar- og/eða meðferðarúrræði: - Ný leið - Meðferðastofnanir	Sértæk meðferðarúrræði: - Ný leið - Meðferðastofnanir

Eins og sjá má í töflu 3 eru ýmis úrræði og bjargráð þegar til staðar bæði innan og utan hins opinbera kerfis. Fyrst ber að nefna þjónustu fyrir börn og unglinga yngri en 16 ára.

* Hér skal tekið fram að þó einhver úrræðanna séu í höndum frjálsra félagasamtaka og teljast þ.a.l. ekki til opinberrar þjónustu er yfirleitt greitt fyrir þau úr sjóðum opinberra stofnana. Þar af leiðandi er miðað við opinber úrræði í þessari skýrslu.

Þar sem þessi börn eru á skólaskyldualdri eru bjargráð innan grunnskólakerfis sveitarfélaganna nærtækasta þjónustuformið. Líkt og niðurstöður *Utanskólarannsóknarinnar 2003* sögðu til er hægt að rekja vanda ungmenna utan framhaldsskóla langt aftur í tíma en námserfiðleikar voru algengasta orsökina (að þeirra sögn) fyrir því að þau hættu námi eða tóku sér námshlé. Jafnframt var það samdóma álit sérfræðinga að óskilgreindir lestrarörðugleikar færu vaxandi meðal skólabarna en lestrarhraði og lesskilningur er lykillinn að velgengi í námi. Því er eðlilegt að fyrirbyggjandi aðgerðir hefjist þegar í grunnskóla. Hér á eftir má sjá nánari umfjöllun um þessi bjargráð fyrir hvern aldurshóp fyrir sig.

16 ára og yngri

Úrræði í grunnskólum

Sérkennsla

Sérkennsla innan grunnskólans fer eftir aðstæðum og erfiðleikum nemandans. Hún getur farið fram inn í almennum bekk, með eða án stuðnings, í litlum hópi utan bekkjar eða jafnvel verið einstaklingsbundin (þ.e. að kennari kenni nemandanum einum). Þessu til viðbótar getur sérkennslan farið fram í sérdeild eða í sérbekk innan skólans með blöndun í almenna bekki eftir aðstæðum (þ.e. að nemandinn „fljóti“ á milli almenns bekkjar og sérdeildar). Hver skóli ákveður eigin tilhögu sérkennslu. *Fræðslumiðstöð* leggur í dag áherslu á eftirfarandi þætti í sérkennslustefnu sinni:

- 1) Að hver skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, svo sem kostur er, og taka á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp kunna að koma í skólanum.
- 2) Að til sé sérkennsluver við hvern skóla
- 3) Að foreldrar eigi rétt á að velja á milli sérskóla, sérhæfðrar sérdeildar og almenns skóla fyrir börn sín
- 4) Að yfirstjórnandi sérkennslu sé í hverjum skóla
- 5) Að stuðningsteymi fyrir kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunar- og samskiptaörðugleika starfi við hvern skóla, auk nemendaverndarráðs.

Í dag fá um 20% grunnskólabarna sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Um 16-17% þeirra eru með sértækan námsvanda vegna líffræðilegra, sálfræðilegra, uppeldislegra og / eða félagslegra orsaka, en um 3-4% með margvíslegar fatlanir og mikla sérkennsluþörf.⁷

Sérdeildir

Í grunnskólum Reykjavíkur eru starfandi 18 almennar sérdeildir. Þær eru ætlaðar nemendum með alvarlegan náms- og eða hegðunarerfiðleika, bæði nemendum í

⁷ Sjá Anne Ingeborg Pétursdóttur o.fl. 2000.

viðkomandi skóla og úr nágrannaskólum. Gert ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum. Dæmi um sérdeildir eru: Sérdeild fyrir einhverfa í Hamraskóla, sérdeild fyrir blinda í Álftamýrarskóla og Bjarkarhlíð, sérdeild fyrir unglinga með atferlisvanda í Réttarholtsskóla. Foreldrar sækja um skólavist á sérstökum eyðublöðum. Sérstakt inntökuteymi fær umsóknirnar til umfjöllunar og eru þær afgreiddar í apríl ár hvert.

Sérskólar

Í Reykjavík eru starfandi fimm sérskólar á grunnskólastigi sem þjóna nemendum af öllu landinu. Þessir skólar eru: Brúarskóli (fyrir unglinga sem eiga við félagslega erfiðleika og alvarlegan hegðunarvanda); Dalbrautarskóli (fyrir börn sem eru tímabundið á Barna- og unglingageðdeild), Safamýrarskóli (fyrir alvarlega fjölfötluð börn), Öskjuhlíðarskóli (fyrir þroskaheft börn) og Vesturhlíðarskóli (fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausá nemendur).

Námsráðgjafar

Námsráðgjafar eru starfandi við alla grunnskóla borgarinnar og eru málsvavar nemenda og trúnaðarmenn. Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans. Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, þ.á.m. kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og skólastjórnendur og vísar málum til þeirra.

Sálfræðiaðstoð

Sálfræðiþjónusta skóla sér um sálfræðilega ráðgjöf til starfsfólks skóla sem og ráðgjöf til foreldra og nemenda. Starf sálfræðiþjónustunnar lýtur að ráðgjöf og stuðningi vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa innan skólanna. Á sálfræðideild *Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur* starfa 11 sálfræðingar í 10 stöðugildum. Sálfræðingur hvers skóla er tengiliður *Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur* í nemendaverndarráðum skólanna sem er þverfaglegt ráð innan hvers skóla. Sálfræðingur vinnur í samvinnu við skóla með nemendum með fötlun, geðræna, námslega, samskiptalega og/eða hegðunarlega erfiðleika, þar sem þessir erfiðleikar hafa áhrif á nám og aðlögun í skóla. Inngrip sálfræðings felur m.a. í sér athugun og mat á þroska, hegðun og líðan nemandans samkvæmt niðurstöðum úr viðtölum, sálfræðilegum prófum, bekkjar- og atferlisathugunum. Sálfræðingur gerir tillögur til úrbóta og tekur þátt í gerð áætlana um aðstoð við einstaka nemendur í samvinnu við fulltrúa í nemendaverndararáði, kennara og foreldra. Sálfræðingur getur boðið upp á skammtímameðferð í einstaka

tilfellum. Einstaklingsmál vinna sálfræðingar *Fræðslumiðstöðvar* samkvæmt ákveðnu vinnulagi.⁸

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er þverfaglegt ráð sem er innan hvers skóla. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð eru í öllum grunnskólum borgarinnar.

Samningur við nemendur í áhættuhóp

Íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) er að fara af stað með tilraunaverkefni í Breiðholti sem miðar að því að koma auga á krakka í áhættuhópi (þ.e. hafa slæma skólasókn, ganga illa í námi o.s.frv.) og gera samninga við þau og foreldra þeirra um að starfsmaður hjá *Tótal* ráðgjöf ÍTR hafi samband við þau öðru hvoru eftir að grunnskóla líkur. Þetta er gert til þess að fá upplýsingar um stöðu þeirra (þ.e. hvernig námið og lífið gangi). Þetta tilraunaverkefni er leið til þess að koma auga á þá nemendur sem eru að ljúka grunnskóla og stefna einhverra hluta vegna ekki á framhaldsnám. Með þessu móti er vonast til að hægt sé að grípa inn í ferlið fyrr en ella og hjálpa þessum einstaklingum að finna sér braut í lífinu.

Úrræði utan grunnskóla

Starfstengt nám

Starfstengt nám er samstarfsverkefni *Vinnuskóla Reykjavíkur* og *Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur* vegna grunnskólana í Reykjavík. Vinnuskólinn býður grunnskólunum í Reykjavík að taka saman stundaskrá fyrir nemendur sem stjórnendur skóla meta að eigi sérstaklega erfitt með nám í hefðbundnum greinum. Vinnuskólinn leitar síðan til fyrirtækja og stofnana með að taka að sér þessa nemendur og finna handa þeim verkefni við hæfi. Markmið með þessu námi er að létta þessum nemendum skólastarfið með því að gefa þeim kost á að vinna samhliða skólanáminu við starf sem hugur þeirra stendur til.⁹

Íþróttir- og tómstundir

⁸ Sjá *Fræðslumiðstöð Reykjavíkur*. 2004. www.grunnskolar.is

⁹ Guðmundur Guðmundsson. 2003-2004. *Upplýsingar um starfstengt nám fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur*. Vinnuskóli Reykjavíkur

Lengi hefur verið hefð fyrir íþróttastarfi á Íslandi. Í Reykjavík heyra 50 mismunandi íþróttafélög undir *Íþróttabandalag Reykjavíkur* (ÍBR). Einungis hluti af þessum félögum sinna börnum og unglingum og hafa gert það lengi. Á undanförunum árum hefur starfsvið þessara íþróttafélaga breyst nokkuð með tilliti til barna og unglinga en að sögn starfsmanns hjá einu af mörgum íþróttafélögum borgarinnar lagði Menntamálaráðuneytið línuna fyrir samræmdri íþróttanámskrá árin 1998-1999. Markmið slíkrar stefnu er í raun „íþróttir fyrir alla“ en samkvæmt námskránni eiga að vera til íþróttir fyrir alla. Ekki má reka börn og unglinga úr íþróttunum heldur eiga íþróttafélögin að keppast við að finna þeim vettvang þar sem þau þrífast.

Sértæk ráðgjafar- og meðferðarúrræði

Ný leið

Ný leið ráðgjöf er einkarekin ráðgjafabjónusta sem hefur það markmið að veita ungu fólki, sem á í vímuefnavanda eða er í áhættuhópi, og fjölskyldum þeirra ráðgjöf og meðferð. Ný leið vinnur eftir aðferðum sem miða að því að skapa leiðir og verkfæri sem gerir ungt fólk hæfara til að takast á við lífið. Þátttakendur geta dvalið hjá fjölskyldu sinni og stundað skóla eða vinnu því þátttaka krefst ekki vistunar á stofnun.

Ólíkir aðilar leita jafnan eftir ráðgjöf frá *Nýrri leið*. Algengast er að *Félagsþjónustan* eða *Barnavernd* vísi unglingum til *Nýrrar leiðar* en foreldrar og unglingar leita jafnframt oft sjálfir. Nokkuð er einnig um að námsráðgjafar í grunnskólum leyti til *Nýrrar leiðar* en námsráðgjafar í framhálsskólum mættu nýta sér þetta meira og þá áður en í mikið óefni er komið.

Þegar einstaklingur kemur í *Nýja leið* er byrjað á að fara yfir stöðu hans, félagslegt net hans er skoðað, gengi í skóla/vinnu, áhugamál, framtíðaráætlanir o.s.frv. Reynt er að koma auga á hvað er jákvætt í umhverfi einstaklingsins og hvernig má nýta það til að koma honum áfram. Fjölskylda ungmennisins fær einnig þjálfun eða ráðgjöf um hvernig best skuli staðið að baki einstaklingnum til að gera hann að virkum þátttakanda í samfélaginu.¹⁰

Meðferðarstofnanir

Barna-og unglingageðdeild (BUGL)

BUGL veitir börnum og unglingum, til 18 ára aldurs, með geð- og þroskaraskanir margvíslega þjónustu. Starfsemin skiptist í eina göngudeild og tvær legudeildir, barnadeild

¹⁰ Sjá nánar, www.nyleid.is

og unglingadeild.

Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Meðferðarheimili á vegum *Barnaverndarstofu* eru öll einkarekin og eru sjö talsins. Þau eru öll staðsett á landsbyggðinni, Árbót og Berg eru í Aðaldal í Þingeyjarsýslu, Laugaland er í Eyjafjarðarsveit, Háholt er í Skagafirði, Hvítárþakki er í Borgarfirði, Torfastaðir eru í Biskupstungum og Geldingalækur er á Rangárvöllum.

Öll heimilin eru ætluð unglingum á aldrinum 13 til 18 ára en þó vistast yngstu skjólstaðingar *Barnaverndarstofu* á Geldingalæk. Heimilin hafa flest rými fyrir sex börn í senn nema Árbót og Berg sem hafa 10 rými og Laugaland sem hefur rými fyrir 8 börn í einu. Samtals er því um að ræða 42 rými til langtíma meðferðar.¹¹

16-18 ára

Úrræði í framhaldsskólum:

Innan framhaldsskóla eru nokkur úrræði sem notuð eru til að sporna við brottfalli úr framhaldsskólum og gera öllum ungmönnum sem ljúka grunnskóla kleift að vera í framhaldsskóla.

Almenn deild

Almenn deild er í mörgum framhaldsskólum borgarinnar og er hugsuð fyrir nemendur sem hafa ekki gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám að loknum grunnskóla og nemendur sem lokið hafa grunnskóla en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans. Námið getur tekið 1-2 ár og miðast við þarfir einstakra nemenda og möguleika viðkomandi skóla til að koma á móts við þær.¹²

Sérdeildir

Sérdeildir eru tveggja ára námsbrautir og skiptast í starfsbraut 1,2,3 og 4. Nám á starfsbraut 1 og 2 er ætlað nemendum sem hafa, þrátt fyrir töluverða námsaðstoð í efstu bekkjum grunnskóla, fallið í öllum greinum á samræmdum prófum úr grunnskóla eða

¹¹ Sjá nánar www.barnaverndarstofa.is

¹² Sjá nánar aðalnámskrá framhaldsskóla 2004, www.menntamalaraduneyti.is

fengið undanþágu frá námi eða prófum í grein eða greinum.¹³ Nám á starfsbraut 3 og 4 er hins vegar ætlað nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og fengið námsmat samkvæmt 48 gr. grunnskólalaga.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafar eru starfandi við flesta ef ekki alla framhaldsskóla í Reykjavík. Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi.

Námsráðgjöfum er ætlað að starfa í þágu nemenda, leita lausna í málum þeirra og gæta þess að nemendur búi við jafnrétti og að réttlætis sé gætt gagnvart þeim innan skólans.

Námsráðgjafar eru bundnir þagnaskyldu varðandi þær upplýsingar sem þeim er trúað fyrir í starfi sínu, hvort sem um ræðir aðstæður skjólstæðinganna eða hverjir þeir eru.

Úrræði utan framhaldsskóla

Fjölsmiðjan

Fjölsmiðjunni er ætlað að starfrækja verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára, sem hætt hefur námi og ekki fótað sig á vinnumarkaði. Hugmyndin er fengin frá dönsku „*Produktion*” skólunum, en slík starfsemi þekkist víða í Evrópu þó Danir séu taldir fremstir á þessu sviði.

Markmiðið er að bjóða fjölþætta verkþjálfun og fræðslustarfsemi því unga fólki er þar starfar og greiða fyrir störf þeirra sem svarar til atvinnuleysisbóta. Stefnt er að því að 40-70 nemar geti verið að störfum hverju sinni í 7-10 manna verkdeildum undir verkstjórn fagfólks. Eftirtaldir deildir eru í boði sem valkostir fyrir væntanlega nema: Trésmíðadeild, hússtjórnar- og matreiðsludeild, tölvu- og prentdeild og bílapvottadeild. Í framtíðinni er stefnt að því að bæta við umönnunardeild barna og fullorðinna, skrifstofu- og tölvudeild, hönnunar- og fatadeild o.sfrv. eftir aðsókn og eftirspurn. Með þessu móti er vonast til að nemarnir geti fundið áhugavert starf fyrir sína hæfileika og dvölin verði forvinna að frekara skólanámi, eða þeir komi sem þjálfað starfsfólk í áhugavert starf á almennum vinnumarkaði.

Fjölsmiðjan er líka þjálfunar- og endurhæfingarstaður fyrir ungt fólk, sem þarf undirbúning fyrir frekara nám eða störf. Þetta er ekki meðferðarstofnun, en á að vera hentugur vinnustaður fyrir ungt fólk sem er að fóta sig að nýju úti á lífsins vegum eftir áföll. Það getur skipt um verkdeild eftir að það hefur störf, ef því sýnist önnur deild áhugaverðari en sú er þeir völdu í upphafi. Framleiðsla og þjónusta Fjölsmiðjunnar

¹³ Sama heimild

verður seld á markaði og eiga tekjurnar að standa undir hluta af þeim kostnaði sem hlýst af rekstri hennar.¹⁴

Tómstundir

Hitt húsið

Hitt húsið er menningar-og upplýsingarmiðstöð þar sem ungu fólki á aldrinum 16-25 ára er veitt ýmis aðstoð, ráðgjöf og stuðningur. Þetta starf er í stöðugri mótun eftir því hverjar þarfir ungs fólks eru. Ráðgjafar- og stuðningsstarfið í *Hinu húsinu* er unnið í samstarfi við ýmsa fagaðila eins og *Félagsþjónustuna*, sálfræðinga, fjármálaráðgjafa, meðferðarheimili, geðdeildir og *Gedrækt* svo fátt eitt sé nefnt. Starfrækt er í *Húsinu* Jafningjafræðsla, Vinnuhópur, Hópastarf, Hálendishópur og *Tótal* ráðgjöf.

Tótal ráðgjöf

Tótal ráðgjöf er verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu í gegnum *Leonardo Da Vinci* styrkjaáætlunina og er stýrt af *Hinu húsinu*. *Tótal* ráðgjöf er hugsuð sem alhliða ráðgjöf fyrir ungt fólk 16 -25 ára, þar sem lögð er áhersla á að bjóða ungu fólki í vanda farveg til að greina vanda sinn og aðstoð til úrlausna á skjótan og heildrænan hátt. *Tótal* ráðgjöfin býður ungu fólki upp á fasta viðtalstíma, símaráðgjöf og einnig að leita svara við spurningum sínum á netinu. *Tótal* ráðgjöfin er samstarfsverkefni *Miðbergs*, *Hins hússins*, ÍTR, *Félagsþjónustunnar* í Reykjavík, *Nýrrar leiðar*, *Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir*, *Landsbankans* o.fl. og er starfrækt til tveggja ára (lýkur í ársbyrjun 2005).

Tótal ráðgjöfin er starfrækt í húsakynnum *Hinu hússins* og félagsmiðstöðinni *Miðbergi*. Þar eru starfsfólk allra samstarfsaðilana til staðar til þess að svara fyrirspurnum á netinu og taka viðtöl eftir samkomulagi.

Hálendishópurinn

Hálendishópurinn er úrræði fyrir ungt fólk í áhættu. Farið er í undirbúningsferðir og þátttakendum gefinn kostur á að fara í krefjandi ferðalög um hrikalega náttúru landsins. Hápunktur starfsins er tveggja vikna ferð um Hornstrandir þar sem þátttakendur ganga með þungar byrðir á bakinu og vinna saman sem ein heild að því að gera ferðalagið að jákvæðri upplifun.¹⁵

Félagsþjónustan

¹⁴ Sjá nánar, www.fjolsmidjan.is

¹⁵ Sjá nánar, www.hitthusid.is

Félagsþjónustan hefur heimild til að aðstoða tekjulága foreldra 16-17 ára barna fjárhagslega við að koma börnum sínum í nám. Þá er átt við foreldra sem hafa haft tekjur undir grunnfjárhæð (80 þúsund fyrir einstakling og 160 þúsund fyrir hjón) undanfarna 12 mánuði eða lengur. Greiðslan er miðuð við að greiða áætlaðan bókakostnað og innritunargjald en ekki framfærslukostnað.¹⁶

Sértæk ráðgjafar- og meðferðarúrræði

Ný leið

Sjá umfjöllun að ofan.

Meðferðastofnanir

Sjá umfjöllun að ofan.

18-20 ára

Ungmennni á aldrinum 18-20 ára fá að mestu leyti sömu þjónustu og þeir sem eru á aldrinum 16-18 ára. Þeir eiga rétt á sömu þjónustu innan og utan framhaldsskólanna nema hvað varðar fjárhagsaðstoð *Félagsþjónustunnar* (getur veitt einstaklingum sem eru 18 ára og eldri fjárhagsaðstoð) og meðferðarúrræði (þeir sem þurfa á meðferð að halda fá meðferðarúrræði sem hugsuð eru fyrir fullorðna).

Félagsþjónustan

Við 18 ára aldur geta ungmenni fengið fjárhagsaðstoð frá *Félagsþjónustunni* í eigin nafni.

Ungt, atvinnulaust fólk (18-24 ára) sem býr hjá foreldrum sínum getur sótt um fjárhagsaðstoð að upphæð allt að kr. 40.698 krónum á mánuði, ef tekjur foreldranna eru undir viðmiðunarmörkum.

Einstaklingar á aldrinum 18-24 ára geta einnig fengið fjárhagsaðstoð vegna náms ef þeir hafa búið við verulega erfiðar félagslegar aðstæður og ekki getað lokið grunn- eða framhaldsskóla. Einnig geta einstæðir foreldrar, sem uppfylla ákveðin skilyrði, fengið aðstoð. Ekki er veitt aðstoð ef um er að ræða lánshæft nám hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.¹⁷

Meðferðarstofnanir

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri eru sjálfráða og fá því meðferðarúrræði ætluð fullorðnum. Helstu meðferðarúrræði fyrir þennan hóp eru áfengis- og vímuefnamedferðir og meðferðir á geðsviði landspítala.

¹⁶ Sjá nánar, www.felagsthjonustan.is

¹⁷ Sjá nánar, www.felagsthjonustan.is

Hvernig er hægt að nýta úrræðin betur og hvað vantar?

Rannsóknarmiðuð stefnumótun

Til þess að stefnumótun sé markviss og áreiðanleg er nauðsynlegt að fyrir liggi haldbærar og traustar upplýsingar um ástand mála á hverjum tíma. Rannsóknir eru því grundvöllur öflugs forvarnastarfs í hvaða málaflokki sem er. Því betri og ítarlegri sem rannsóknirnar eru, því markvissara verður forvarnastarfið. Dæmi um þýðingarmiklar upplýsingar í þessum efnum eru upplýsingar um námsgengi nemenda, líðan heima fyrir og í skóla, stríðni og einelti, vini og jafningjahópa, svo að fátt eitt sé nefnt. Með samantekt á þessum upplýsingum nýtast bjargráðin sem fyrir eru betur ásamt því að hægt er að móta ný úrræði með þarfir einstakra hópa í huga. Nokkrir viðmælenda í þessari rannsókn minntust á þörfina fyrir traustar rannsóknir á brottfalli, þá sérstaklega rannsóknir sem miða að því að finna nemendur í brottfallshættu og lýsa aðstæðum þeirra. Grípum niður í orð eins þeirra:

Það er eins og fólk sé að reyna að átta sig á hver þessi hópur [utanskólafolk] er. Sumir tala líka um þennan 16-24 ára hóp en ég tel að þetta sé mjög mikið sami hópurinn

Vegna þessarar óvissu er erfiðara að bregðast markvisst við vandanum. Ef ekki er til staðar þekking á því hvaða einstaklingar eru líklegri en aðrir til þess að tilheyra hópi utanskólafélks, hvernig er þá hægt að móta bjargráð sem henta? Til að mynda ríkir óvissa meðal fagfélks um lýðfræðilega þætti sem einkenna ungt fólk utan framhaldsskóla. Kyn er einn slíkur þáttur. Sumir viðmælenda sögðu að í þessum hópi „væru bara strákar“ á meðan aðrir voru ekki eins vissir í sinni sök.

Viðmælendur telja það ljóst að frekari rannsókna er þörf á líðan barna í skóla sem og námsgengi barna og unglinga í nútímasamfélagi. Framtíð íslenskra ungmenna og velgengni veltur á því að afla sé faglegrar þekkingar á aðstæðum þeirra. Þó er rétt að taka fram að ekki er nóg að afla þekkingarinnar, niðurstöðum rannsókna verður að halda til haga og þær gerðar *sýnilegar* öllum þeim sem vinna að stefnumótun í menntun og uppeldismálum barna og unglinga. Slíkt væri til dæmis hægt að gera með því að búa til gagnagrunn á rafrænu formi eða gefa reglulega út bækling með niðurstöðum helstu rannsókna í barna- og unglingamálum. Nánari upplýsingar um ýmsar rannsóknir á ungu fólki má nálgast hjá *Rannsóknunum og greiningu*, ehf., *Námsmatsstofnun*, Sigrúnu

Aðalbjarnardóttur, *Kennarabáskóla Íslands og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur*, svo að fátt eitt sé nefnt.

Fyrsta stigs úrræði

Fyrsta stigs úrræði við brottfalli geta bæði átt sér stað í grunn- og framhaldsskólum. Í ljósi rannsókna á brottfalli í framhaldsskólum og félagslegra aðstæðna ungs fólks sem er ekki í framhaldsskóla er mjög mikilvægt að fyrirbyggjandi aðgerðir eigi sér stað þegar í grunnskóla og að nemendum í vanda sé fylgt eftir inn í framhaldsskólann.¹⁸

Sérkennsla og námsráðgjöf

Eins og kemur fram í *Utanskólarannsókninni 2003* eru námsörðugleikar einn þeirra megin þátta sem virðast einkenna krakka sem hætt hafa í framhaldsskóla er sérkennsla í grunnskólum mjög mikilvægur þáttur í fyrsta stigs úrræðum gegn brottfalli.

Í nýrri sérkennslustefnu er áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar. Sérdeildir hafa verið lagðar niður í þeirri mynd sem þær voru áður og allir nemendur eiga rétt á kennslu í sínum heimaskóla. Flestir viðmælendur okkar voru sáttrir við áherslu á einstaklingsmiðað nám en einnig bentu nokkrir á að betra væri að hafa úrræðin fjölbreytt, þar sem ekki henti öllum börnum að vera inni í almennum bekk. Haft er eftir sérkennara:

Ég held að sem fjölbreyttust úrræði séu það besta. Fólk passar ekkert endilega inn í ákveðnar kategoríur, hver og einn [er] sérstakur og ef við ætlum að vinna samkvæmt því þá þurfa úrræðin að vera fjölbreytt. Það er ekki fyrir alla að vera í almennum bekk. Ég held að mjög margir hafi dottið [upp] fyrir af því að þeir eru eiginlega í bekk en eiginlega í námsveri. Þetta held ég að sé mjög slæmt. Fyrir ákveðna einstaklinga sem eiga ekki fastan punkt heima hjá sér, ekki hvatningu og öryggi. Það er rosalega flókið fyrir þannig einstakling að [vera] á fleiri stöðum en krakki sem fúnkerar bara ágætlega inni í sínum bekk. Það er ekki spurning að það eru krakkar sem þurfa verndað umhverfi og fyrir þá er kannski lítill hópur (6-7) það sem þau þurfa.

Nokkrir viðmælenda nefndu jafnframt að sérkennsla í grunnskólunum væri oft ómarkviss. Til að mynda segir einn þeirra „það [er] mjög misjafnt hvernig tekið [er] á

¹⁸ Sjá m.a. Svandís Nína Jónsdóttir o.fl.(2003). *Utanskólarannsókn* og Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Unga fólk og framhaldsskólinn*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun, Háskólaútgáfan.

málum [innan grunnskólanna]. Bæði eftir skólum og einstaklingum. Oft [er þetta] tilviljanakennt...innan ákveðins skóla getur verið tekið mjög fast og ákveðið á einu máli á meðan önnur detta upp fyrir.”

Sé það rétt að sérkennsla í grunnskólum sé oft ómarkviss gæti þótt nauðsynlegt að samræma sérkennslu milli skóla á þann hátt að allir nemendur sem þurfa á stuðningi að halda fái svipaða eða sambærilega aðstoð. Þó ber að hafa í huga að um ólíka einstaklinga er að ræða og að skólahverfin geta verið ólík, með ólíkar þarfir. Sökum þessa ber að varast of mikla miðstýringu í sérkennslumálum.

Námsráðgjafar í grunnskólum geta einnig skipt sköpum í því að koma í veg fyrir brottfall. Eins og haft er eftir tveimur sérfræðingum *Fræðslumiðstöðvar* eru námsráðgjafar komnir inn í alla grunnskóla borgarinnar og eru í auknum mæli farnir að aðstoða og leiðbeina nemendum við val á framhaldsskólum og námsbrautum, sem og að aðstoða ungmenni sem eiga við sálræna eða félagslega erfiðleika að etja. Með aukinni aðkomu námsráðgjafa við val á framhaldsskólum má ímynda sér að betur sé hægt að aðstoða ungmenni sem hafa átt í erfiðleikum í grunnskóla að finna nám við hæfi eða jafnvel benda þeim á önnur úrræði eins og *Fjölsmiðjuna*. Námsráðgjafar verða að vera duglegir að efla tengslin við framhaldsskólann og gætu jafnvel verið leiðandi í því að brúa betur bilið milli grunn- og framhaldsskóla.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð eru starfrækt við alla grunnskóla borgarinnar og eiga að taka á málum nemenda sem ýmissa hluta vegna eru vansæl í skólanum. Það geta verið námserfiðleikar, félagslegir eða hegðunarlegir erfiðleikar. Þrátt fyrir að nemendaverndarráð séu við alla skóla virðast þau ekki öll starfa á sama hátt. Samkvæmt tveimur viðmælendum úr skólakerfinu er góð tenging við félagsþjónustuna, lögregluna, ÍTR og sálfræðing hjá *Fræðslumiðstöð* í sumum skólum en ekki öðrum. Ekki er ljóst af hverju þessi munur stafar en sumir viðmælenda töldu líklegt að ástæðan sé fólgin í því að erfitt er að ná fagfólki saman, sérstaklega fagfólki mismunandi stofnana. Þessu þarf að breyta. Huga þarf að því að efla og samræma nemendaverndarráðin og að fleiri hverfi fari að fyrirmynd Vesturbæjar og Grafavogs og starfi náið með félagsþjónustunni og ÍTR. Með þessu móti er hægt að halda betur utan um ungmennin sem þurfa sérstaklega á því að halda.

Brúa bilið á milli grunn-og framhaldsskóla.

Það var samdóma álit viðmælanda að veruleg þörf væri á því að bilið milli grunn- og framhaldsskóla væri brúað, sérstaklega eftir að sjálfræðisaldurinn var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Hækkun sjálfræðisaldurs skapar forsendu til þess að hægt er að halda utan um ungmenntin a.m.k. fram til 18 ára aldurs. Þó framhaldsskólarnir haldi betur utan um unga nemendur í dag en fyrir einhverjum árum vantar enn gríðarlega mikið upp á að til þess að staðan sé fullnægjandi. Grípum niður í orð eins sérkennara:

Krakkar sem hafa ekki fundist þau tengjast neinum í grunnskóla þurfa mjög mikið utanumhald. Ef þeim á að takast í framhaldsskólunum þá þurfa þau mjög mikið að tengjast einhverjum þar...þetta eru mjög stórir skólar og mjög auðvelt að týnast [þar].

Hvernig leysum við þennan vanda? Margir viðmælendur töluðu um nauðsyn þess að upplýsingar um nemendur í áhættuhópi gætu flust á milli skólastiga. Til að mynda sagði einn sérfræðingur hjá *Fræðslumiðstöð* „[þ]að væri gott að geta skilað nemendum til framhaldsskólanna með námslegar upplýsingar um sig”....,Það væri mikilvægt að framhaldsskólinn fengi þó ekki væri nema hálfa síðu með upplýsingum um þá nemendur sem teljast í áhættuhópi”. Aðstoðarskólastjóri í grunnskóla tekur undir þetta og bætir því við að upplýsingar um skólasókn séu afar mikilvægar en að það þurfi að samræma hvernig skólasókn er skilgreind svo að framhaldsskólarnir viti hvað liggi að baki. Í sumum skólum er skólasókn hluti af lokaekinn nemenda og öðrum ekki. Jafnframt eru lokaekinnir í sumum skólum blanda af einkunn á lokaprófi og kennaraekinn yfir vetrartímann á meðan aðrir skólar styðjast einungis við lokaekinnir á vorprófum. Framhaldsskólarnir eiga ekki auðvelt með að veita og meta námsárangur nemenda milli skóla ef einkunnir og einkunnagjöf eru ekki samræmdar.

Með því að flytja þess konar upplýsingar milli skólastiga mætti ætla að hægt væri að aðstoða þá sem þurfa á því að halda strax frá upphafi í stað þess að reyna að hjálpa einstaklingunum eftir að í óefni er komið. Einn viðmælenda kom með þá tillögu að námsráðgjafi hvers grunnskóla gæti haft það hlutverk að halda öllum upplýsingum um námsgengi og hegðun í skóla á þar til gerðum gagnagrunni sem hægt væri að prenta út og senda framhaldsskólunum ef nemendur og foreldrar gefi samþykki sitt. Viðmælendur bentu á það að þegar er komin nokkur reynsla af því að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla og milli grunnskóla og safnskóla í þeim hverfum þar sem skipt er á milli 1.-7.

bekkjar og 8.-10. bekkjar. Það er nauðsynlegt að nýta þessa þekkingu og reynslu sem bæði leikskólinn og grunnskólinn hefur af því að flytja nemendur á milli sín.

Hér verður líka að hafa í huga að ábyrgð framhaldsskólanna gagnvart nemendum sínum hefur breyst eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður í 18 ár. Eftir þessa breytingu er um helmingur framhaldsskólanema undir sjálfræðisaldri. Nokkrir viðmælendur bentu á að endurskilgreina þyrfti hlutverk umsjónakennara í framhaldsskólum, að minnsta kosti fyrstu tvö árin. Fela þeim að fylgjast betur með nemendum, mætingu þeirra og líðan. Fjölbrautaskólinn í Ármúla hefur farið af stað með tilraunaverkefni sem ber yfirskriftina „*Learning Styles*” þar sem áherslan er á virkt og öflugt umsjónarkerfi sem hefur það hlutverk að mynda tengsl við nýnema. Ef þetta verkefni tekst vel til má ímynda sér að á þennan hátt sé hægt að gera skrefið frá grunnskóla til framhaldsskóla auðveldara og grípa fyrr inn í ef halla fer undir fæti.

Annars stigs úrræði

Oft hefur þeirri spurningu verið velt upp hvernig koma megí auga á þann hóp ungmenna sem á á hættu að fara ekki í framhaldsskóla eða detta úr námi. Nokkuð var um að viðmælendur mæltust til þess að gerð væri **skimun** á unglingastigi grunnskóla til að koma auga á þau ungmenni sem eru í áhættuhópi og auðvelda þannig inngrip í brottfallsferlið. Einn sérfræðingur benti á að til væru próf sem hafa verið notuð erlendis og geta aðstoðað fólk við að koma auga á einkenni í grunnskóla sem spá fyrir um brottfall úr framhaldsskóla. Annar sérfræðingur benti á að einkunnir, mæting og félagsleg staða væri mjög góð forspá fyrir brottfalli úr framhaldsskóla og að slíkar upplýsingar gætu nýst til þess að koma auga á áhættuhóp.

Kristjana Stella Blöndal er þátttakandi í verkefni (*Spiderweb*), sem styrkt er af *Leonardo da Vinci* áætluninni, og snýst um að fyrirbyggja brottfall úr námi í framhaldsskóla. Verið er að útbúa skimunarpróf sem sett er saman úr þáttum sem spá fyrir um brottfall og er hugmyndin að leggja það fyrir framhaldsskólanema um tveimur mánuðum eftir að skólaganga í framhaldsskóla hefst. Með þessu móti er vonast til að koma auga á áhættuþætti sem gerir betur mögulegt að grípa inn í fyrr en ella. Grundvallarhugmynd *Spiderweb* er annars vegar sú að brottfall er ferli en ekki einn atburður og að því fyrr sem við finnum einstaklinga í áhættu því betra og hins vegar að brottfallshópur er ekki einsleitur hópur ungs fólks. Verkefnið hefur verið valið eitt af bestu verkefnum í Evrópu til þess að sporna við brottfalli.

Ef skimun á að eiga sér stað verður að vera mjög skýrt hvernig framhaldsskólarnir og aðrir eiga að nýta þessar upplýsingar og fylgja þeim eftir. Nauðsynlegt er, eins og verkefni Kristjönu Stelli leggur áherslu á, að hafa í huga að ekki er um einsleitan hóp ungmenna að ræða. Ekki gengur því að sníða eitt úrræði sem hentar öllum heldur verður einstaklingsmiðuð nálgun að eiga sér stað. Sum ungmenni þurfa hugsanlega eingöngu nýtt umhverfi og hentar að fylgst væri með þeim úr fjarlægð á meðan aðrir gætu þurft á sértækum úrræðum að halda í framhaldsskóla eða utan hans (svo sem Fjölsmiðjunni). Einhverjir gætu þurft einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða meðferð þar sem reynt er að hjálpa einstaklingum að vinna með þau vandamál sem þeir eiga við að etja og enn aðrir gætu þurft stofnanavistun.

Spiderweb-verkefnið er mjög góð tilraun til að sporna við brottfalli úr framhaldsskólum þar sem komið er auga á þá sem eru í áhættu, komið auga á hvar áhætta þeirra liggur og gert fagfólki kleift að sinna þessum einstaklingum í takt við þarfir hvers og eins. Í umræðu um brottfall ber þó að hafa í huga að það eru um 10% nemanda sem skrá sig ekki í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla Einn viðmælenda benti á að þessi hópur ungmenna sem fer ekki í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla væri gjarnan ekki heldur í vinnu, hefði oft ekki bótarétt og væri þar að leiðandi „týndur“. Þar sem hætt er við að þessir einstaklingar týnist í kerfinu mætti ætla að rík þörf væri á sérrúrræðum fyrir þá.

Samningur við nemendur sem eru í áhættuhópi í 10. bekk er ein möguleg lausn en einnig benti einn viðmælendi á að í Bretlandi eru upplýsingar um kennitölur samkeyrðar upplýsingum um það hverjir ljúki grunnskóla og hverjir skrái sig í framhaldsskóla. Þannig er reynt að festa hendur á þessum einstaklingum sem hvorki tilheyri brottfallshópnum né framhaldsskólahópnum. Starfsmaður frá ÍTR benti á að með því að gera samning við ungmenni í áhættu þess eðlis að fagaðili megi hafa reglulegt samband við þau er betur hægt að fylgjast með þeim og jafnvel hjálpa þeim að fóta sig í lífinu.

Eins og nefnt var í kaflanum á undan hefur svo kölluð *Tótalráðgjöf* verið starfrækt í *Hinnu húsinu* um nokkurt skeið. Í dag er hún einnig starfrækt í Breiðholti en það má hugsa sér að slík ráðgjöf væri til staðar í öllum félagsmiðstöðvum ÍTR og tengdist skólunum enn frekar. Þannig gæti *Tótalráðgjöfin* verið staður þar sem ungmenni geta fengið heildræna ráðgjöf í sínu hverfi. *Tótalráðgjöf* í hverfunum væri hugsanleg forsenda þess að hægt væri að gera samningar við nemendur í fleiri hverfum borgarinnar en Breiðholti.

Þriðja stigs úrræði

Einstaklingsmiðuð nálgun er nauðsynleg fyrir þá nemendur sem eru verst staddir. Suma er hægt að aðstoða í þeirra venjulega umhverfi. Sérfræðingar hjá *Nýrri leið* aðstoða til að mynda ungmenni og fjölskyldur þeirra við vímuefna og samskiptavanda. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að hliðstæð þjónusta við þá sem *Ný leið* veitir skilar ekki síðri árangri en stofnanavistun og er auk þess ódýrari.¹⁹ Þessar niðurstöður styðja þær hugmyndir sérfræðinga, sem talað var við, að þörf væri á að auka heildræna ráðgjöf við ungt fólk í vanda og meðferðir í þeirra nær umhverfi. Vandinn er hins vegar sá að íslenskt samfélag er fasthaldið á stofnanavistun sem úrræði. Við erum „stofnanasjúk...” [þ]ara meðferð og ekkert annað” er söngurinn í samfélaginu, að sögn sálfræðings í Reykjavík. Þörfin fyrir árangursríka meðferð í nánasta umhverfi einstaklingsins er hins vegar að aukast. Orð eins sálfræðings lýsa þessu vel:

Í umhverfinu þrífst vandamálið, þess vegna þarf að taka allt umhverfið. Ef unglingurinn fer á stofnun, fær hann kannski einhverja motivasjón og lærir eitthvað, einhverjum fræjum er yfirleitt sáð í svona meðferð. En hin raunverulega meðferð er þarna úti og það er náttúrulega ódýrara fyrir samfélagið að það sé virk eftir meðferð. Þá heyrir maður frá þeim [einstaklingunum] að það vanti stuðning þegar þau koma út, til að halda sér. Þá fer þeim að líða illa, þau fara að fá kvíða ...hætta að mæta í vinnu og þora ekki að feisa að tala við atvinnurekandann, skulda leigu og það fer bara svona niður. Þá hugsa þau bara það er hvort sem er allt komið í óefni, nú dett ég bara í það. Í staðinn fyrir að þau geti strax leitað sér aðstoðar. Heyrðu, ég finn að ég er aftur farinn að fara aftur í sama horf, hvað á ég að gera. *Það vantar þennan markvissa stuðning* [skáletrun höfunda].

Þó ber að hafa í huga að það eru alltaf einhverjir einstaklingar sem eiga við það alvarlega sálræna, félagslega og/eða hegðunarlega erfiðleika að stríða að þeir þurfa á stofnanavistun að halda.

Upplýsingar um námsgengi og félags- og sálræna stöðu ungmennisins geta einnig verið afar mikilvægar í þessu tilliti. Mörg ungmenni sem þurfa á aðstoð að halda flakka á milli stofnana og úrræða. Í slíkum tilvikum getur verið þýðingarmikið að upplýsingar um gengi í skóla, greiningar og annað slíkt fylgi nemendanum svo meðferðaraðilar eða íhlutunaraðilar þurfi ekki alltaf að byrja upp á nýtt. Tveir sérfræðingar mæltu t.d. með því

¹⁹ Diamond og Liddle, 1996; Henggeler, Borduin, Schoenwald, Rowland, og Cunningham, 1998; Milkman, 1996

að til væri gagnagrunnur með upplýsingum um ungmenni, s.s. bakgrunns upplýsingar og þær greiningar sem viðkomandi ungmenni hefur fengið, sem hafa farið í meðferðir á vegum ríkisins. Þeir mæltu með því að aðeins viðurkenndir meðferðaraðilar, þ.e. þeir sem hefðu tilskyld leyfi eða starfa á meðferðarstofnunum ríkisins, hefðu aðgang að þessum gagnagrunni og að *Barnaverndarstofa* héldi utan um hann. Með þessu móti töldu þeir bæði peninga og tíma sparast og gæði meðferðar að sama skapi aukast.

Samstarf

Þau úrræði og bjargráð sem hér hafa verið tíunduð eru mörg hver afar góð og ættu að nýtast ungu fólki og fjölskyldum þeirra vel. Þó má ekki horfa framhjá einum mikilvægasta þættinum: samstarfi stofnana og fagfólks. Hugtakið „að sjá ekki skóginn fyrir trjánum” á mjög vel við hér en allir sérfræðingar sem rætt var við töluðu um skort á samstarfi á þessum vettvangi menntunar- og uppeldismála. Gott samstarf og gagnkvæmur skilningur fagfólks í kerfinu er undirstaða markvissrar aðstoðar við ungt fólk og fjölskyldur þeirra.

Þunglamalegt kerfi

Viðmælendur töluðu um að hið opinbera kerfi væri „þungt í vöfum.” Einn þeirra segir svo:

...ef þú ætlar að gera stórar breytingar...þá ertu að reyna að hreyfa mjög stórt kerfi. Stór hluti innan þessa kerfis er kannski ekki gefinn fyrir breytingar og þá hægist mjög á öllu.

Þessu til viðbótar segir ofangreindur viðmælandi „fræðslukerfið á að vera opið fyrir...tilraunum...[og] læra eitthvað nýtt,” en ekki staðnæmast í fortíðinni. Stofnanir og fagfólk þurfa að geta brugðist skjótt við vanda. Á þessum grundvelli eru tilraunaverkefni afar góður kostur. Haft er eftir einum viðmælanda:

Það er ekki hægt að leika sér með svona stórt kerfi [menntakerfið] til að fá fram breytingar. Við vorum að reyna að selja þá hugmynd að búa til tilraunastofur. Prófum einhverjar nýjungar af því að skólinn hefur þörf fyrir það en reynum ekki að leggja allt skólakerfið undir hverja nýjung.

Það er minni áhætta fólgin í smærri tilraunaverkefnum en stórum breytingum. Ef illa tekst til er alltaf hægt að slá verkefnin af og leita nýrra fanga. Þess vegna ætti hið opinbera að ýta undir tilraunaverkefni af ýmsum toga, þau kosta minna en stórar breytingar og þannig er auðveldara að fá bæði stjórnmalamenn og stjórnendur stofnana til þess að taka þátt.

Dæmi um tilraunaverkefni af þessum toga er *Fjölsmiðjan* sem hefur getið sér gott orð fyrir árangur en að rekstri hennar koma fjölmörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ásamt ýmsum stofnunum s.s. *Félagsmálaráðuneytinu* og *Rauða Krossi Íslands*.

Annar þáttur sem viðmælendur sögðu að hamlaði samstarfi er þessi tilhneiging stofnana til þess að vera í eigin heimi, ef svo má að orði komast. Einn viðmælenda sagði til dæmis að hver stofnun væri ákveðið menningarsvæði með sín sérstöku viðhorf og gildi. Jafnframt er lagaumgjörð stofnana mjög ólíkt og gerir samstarf þeirra oft óþægilega erfitt. Hann segir:

Hvert kerfi hefur sinn kúltúr. ÍTR er t.d. frístundakerfi. Við erum með annan lagabakgrunn og annars konar viðhorf gagnvart fólkinu sem við vinnum með. Öðruvísi en skólakerfið, fræðslukerfið, heilbrigðiskerfið eða velferðarkerfið.

Þetta verður sérstaklega áþreifanlegt þegar samstarf ríkis og sveitarfélaga á í hlut. Sérfræðingum var tíðrætt um erfiðleika í slíku samstarfi, þá helst hvað varðar meðferð og ráðgjöf. Að sögn eins þeirra er meðferð samkvæmt lögum í höndum ríkis en ráðgjöf í höndum sveitarfélaga. Á hinn bóginn skarast þessi hlutverk oft og erfitt er að átta sig á því hvenær ráðgjöf líkur og meðferð hefst. Viðmælendi hjá *Félagsþjónustunni* segir að þetta sé meðal annars ástæðan fyrir því að biðlistar eftir slíkri þjónustu séu langir. Bæði ríki og sveitarfélög nýta óljósar reglugerðir um þessi bjargráð til þess að ýta þeim frá sér og „velta hlutum á milli sín“. Til að mynda vill *Félagsþjónustan* meina að einstaklingur sem fer í nokkra tíma hjá sálfræðingi eða geðlækni sé í meðferð en ekki ráðgjöf og eigi þar af leiðandi að heyra undir ríki en ekki viðkomandi sveitarfélag. Ítarlegri skilgreining á „meðferð“ og „ráðgjöf“ og hlutverki hins opinbera þar að lútandi væri fyrsta skrefið í þá átt að leysa þennan vanda og draga þannig úr bið eftir þjónustu.

Annar viðmælenda tók undir þessi orð og bætti því við að ríki og sveitarfélög ættu að „taka sig saman og setja á laggirnar samstarfshóp sem...gæti unnið að tillögum varðandi [samstarf] og skilgreint betur hlutverk [sín].“ Slíkur samstarfshópur, eða nefnd, gæti gert úttekt á starfinu eins og það er í dag og komið með tillögum til úrbóta sem hið opinbera getur stuðst við.

Hugtök og skilgreiningar

Nokkrir viðmælenda sögðu að það væri algengt að hugtök sem starf þeirra grundvallist á séu illa skilgreind og starfið þar af leiðandi ekki samræmt milli fagaðila. Sérkennara í Reykjavík var tíðrætt um hugtakið „einstaklingsmiðað nám“ sem minnst var á hér að framan. Hún segir svo:

Það þarf að þróa, móta og skilgreina betur hvað einstaklingsbundin fræðsla [er]. Það er mikið um að hugtökum sé hent fram án þess að þau séu skilgreind. Ef maður sest niður með hóp af fólki, meira að segja með svipaðan bakgrunn, og ræðir t.d. einstaklingsbundið nám þá er ekkert víst að neinn komi með sömu skilgreiningu.

Slíkt misræmi getur ekki leitt til góðs. Að sögn ofangreinds viðmælanda leiða þessar ólíku skilgreiningar til þess að samstarf fagaðila verði bæði erfiðara og ómarkvissara en ella. Hún segir jafnframt að það þurfi að gefa fagfólki og stofnunum tíma til þess að melta nýjar hugmyndir og ný hugtök. Þessu til viðbótar þarf hið opinbera að fylgja hugmyndum sínum betur eftir og leiðbeina þjónustustofnunum og sjá þannig til þess að fólk skilji þessi hugtök sem verið er að vinna með.

Samantekt

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um brottfall ungmenna úr framhaldsskólakerfinu og hvernig sé hægt að bregðast við þeim vanda. Tekin voru viðtöl við sérfræðinga í uppeldis- og menntunarmálum en í skýrslunni er stuðst við orð 24 sérfræðinga víðsvegar um Reykjavíkurborg. Það var samdóma álit allra viðmælanda að til væri sérstakur hópur ungs fólks sem stendur höllum fæti bæði innan og utan framhaldsskólakerfisins. Þetta fólk á við margvíslegan vanda að stríða og þarf þar af leiðandi á sérstakri aðstoð að halda eigi það að eiga sér einhverja framtíð. Björt framtíð er ekki endilega fólgin í stúdentsprófi og „þessari beinu braut“ heldur einnig í því að einstaklingum sé gert kleift að nýta hæfileika sína í starfi og leik, hverjir svo sem þessir hæfileikar eru. „*Framtíð fyrir alla*“ er þ.a.l. slagorð sem lýsir viðhorfum viðmælanda til ungs fólks og tækifæra þeirra betur en slagorðið gamla „*framhaldsskóli fyrir alla*“. Efnuð þjóð á tímum hagvaxtar og mikilla tækniframfara ætti að gera ungu fólki kleift að eiga mannsæmandi framtíð sem þau geta hreykt sig af.

Í því skyni að leysa þennan vanda eða koma í veg fyrir hann komu viðmælendur með tillögur að nokkrum úrræðum til viðbótar við þau sem fyrir eru:

- Efla áherslu á **fyrirbyggjandi** aðgerðir
- Að áhættuþættir sé **skimaðir** á grunnskólastigi og í framhaldsskóla. Með skimun er átt við það að próf séu lögð fyrir alla nemendur í því skyni að meta hverjir eru líklegir til þess að heltast úr námi síðar meir og hverjir ekki. Til þess að fá enn heildrænni mynd af aðstæðum nemendanna væri jafnframt hægt að leggja slík próf fyrir foreldra og kennara nemendana. Þannig væri hægt að fá mat kennara á námsgengi og hegðun nemenda í skólastofu ásamt upplýsingum um hegðun nemenda heima fyrir.

- Efla sérkennslu á unga aldri til þess að fyrirbyggja námsörðugleika seinna meir.
- Framhaldsskólar fái upplýsingar um nemendur í áhættuhópi til viðbótar við upplýsingar um einkunnir og skólasókn, s.s. hegðun í skóla, greiningar (lesblindu og/eða hegðunarraskanir) og aðra þætti er hafa áhrif á námsgengi og líðan. Þannig gæti framhaldsskólinn búið í hagin fyrir þessa nemendur og haldið betur utan um þá en ella.
- Sameiginlegan gagnagrunn fyrir fagaðila sem sjá um meðferð og ráðgjöf ungmenna í vanda, s.s. BUGL, SÁÁ, sjúkrahúsin o.fl. Slíkur gagnagrunnur kæmi í veg fyrir síendurteknar greiningar á börnum og unglingum sem, að sögn eins viðmælanda, þjóna engum tilgangi.
- Fjölgun tilraunaverkefna. Í stað þess að leggja allt kerfið undir breytingar (sem gerist sjaldan) er hægt að gera tilraunir til dæmis með einn skóla í einu eða eitt hverfi og mæla árangurinn.

Á hinn bóginn þarf starfsgrundvöllur fagaðila að vera sterkur ef slík úrræði eiga að gera gagn. Viðmælendur nefndu nokkra þætti sem þeir töldu helst standa úrlausn þessa brottfallsvanda fyrir þrifum:

- Samstarfi stofnana og fagfólks er ábótavant. Það einkennist af tregðu til þess að takast á við ný verkefni og nýjar hugmyndir. Hver stofnun hefur sinn „kúltúr“ og er treg til þess að starfa á annan hátt en hún er vön. Þessu til viðbótar er samstarf ríkis og sveitarfélaga þungt í vöfum. Lagalegur grundvöllur þessara tveggja kerfa er ólíkur þó hlutverk þeirra skarist verulega.
- Samstarf „formgert,” þ.e. að samstarf stofnana og fagfólks sé ekki eftir hentisemi hvers og eins heldur skráð formlega
- Hugtök og hugmyndir sem liggja starfi til grundvallar séu skilgreind og samræmd þannig að fagfólk tali sama tungumálið. Án þess er erfitt að eiga í samstarfi.
- Skortur á framtíðarsýn. Eins og einn viðmælenda segir:

Við búum bara því miður í þjóðfélagi þar sem framtíðarsýnin er 4 ár og það er ekki hægt að byggja neitt samfélag út frá því.

Þessu yfirliti er ekki ætlað að vera tæmandi heldur einungis gefa vísbendingu um það hvað fagfólk hefur að segja um brottfallsvandann og hvaða tillögur það hefur til úrbóta. Eins og orð þeirra gefa til kynna, sem og niðurstaða rannsókna, er mikil þörf á sértækum úrræðum fyrir þetta unga fólk. Nauðsynlegt er að efla þekkingu okkar á þessu sviði enn frekar með markvissum rannsóknum sem miða að því að lýsa ungu fólki í áhættuhópi og aðstæðum þeirra. Þannig aukast líkurnar á því að hægt er að fyrirbyggja þennan vanda á komandi árum.

Heimildaskrá

Anna Ingeborg Pétursdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arthur Mortens, Auður Hrólfsdóttir, Eyrún Ísfold Gísladóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2000). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð.

Diamond, G.S., & Liddle, H.A. (1996). Resolving a therapeutic impasse between parents and adolescents in Multidimensional Family Therapy. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 64(3), 481-488.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2002). *Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð.

Guðmundur Guðmundsson. 2003-2004. *Upplýsingar um starfstengt nám fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur*. Vinnuskóli Reykjavíkur

Hagtiðindi (2004). *Skólamál*, 89(45). Hagstofa Íslands.

Henggeler, S., Borduin, C., Schoenwald, S., Rowland, M., and Cunningham, P. (1998). *Multisystemic Treatment of Antisocial Behavior in Children and Adolescents*. Guilford Press. ISBN: 1572301066.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Milkman, H.B. (1996). *Project Self Discovery: Artistic Alternatives for High Risk Youth*. John Wiley & Sons. ISBN: 0471162418.

Sarafino, Edward (1998). *Health Psychology: biopsychosocial interactions*. þriðja útgáfa. New York: Wiley.

Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir,
Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björg Ásgeirsdóttir (2003).
*Utanskólarannsókn. Niðurstöður rannsókna meðal ungs fólks innan og utan
framhaldsskóla á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining, ehf.

